



Reglur Hafnarfjarðar við útgáfu starfsleyfa til dagforeldra

Starfsemi dagforeldra er háð leyfisveitingu bæjaryfirvalda í samræmi við reglugerð nr. 907/2005. Ef um er að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri þarf til viðbótar starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Hafnarfjarðarbær ber ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt, sbr, 1. mgr. 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Fræðsluráð, fyrir hönd bæjarins gefur út bráðarbirgðaleyfi til eins árs að uppfylltum öllum skilyrðum sem kveður á um í reglugerð nr. 907/2005. Eftir það er starfsleyfi veitt til allt að fjögurra ára í senn.

Verðandi dagforeldrar þurfa að sækja um starfsleyfi á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja því eftirtalin gögn:

- Persónuskilríki* sem staðfesti að umsækjandi sé eldir en 20 ára. Ef umsækjandi er orðinn 65 ára er honum veitt starfsleyfi til eins árs í senn.
- Starfsréttindanámskeið*. Undanþága frá því skilyrði er ef umsækjandi hefur menntun á sviði uppeldismála sem fræðsluráð metur fullnægjandi.
- Læknisvottorð* sem staðfestir að ekki hafi fundist merki um sjúkdóm sem hindrað geti að umsækjandi geti tekið að sér barnagæslu. Einnig skal koma fram að aðrir heimilismenn hafi verið skoðaðir og ekkert athugavert fundist við heilsufar þeirra sem hindri samvistir við börn.
- Umsögn síðasta vinnuveitanda* eða umsögn tveggja ábyrgra aðila ef atvinnurekanda er ekki til að dreifa. Umsögnin skal bera með sér að umsækjandi teljist hæfur til að taka að sér barn í daggæslu.
- Sakavottorð* sem staðfestir að umsækjandi og aðrir heimilismenn yfir 18 ára og hafi ekki hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotið beinst að einstaklingi undir 18 ára aldri.
- Húsakynni*. Staðfestingu fulltrúa sveitarfélagsins um að húsakynni uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri þarf að liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélags í samræmi við reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.
- Staðfesting eldvarnareftirlits* um að brunavarnir á heimili umsækjanda uppfylli byggingareglugerð nr. 112/2012.
- Lóð, leiktæki og leikföng* uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002, og

reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, nr. 408/1994, eftir því sem við á. Útivistarsvæði barnanna skal vera afgirt.

Auk framangreindra skilyrða skal dagforeldri kaupa slysatryggingu vegna barnanna innan mánaðar frá því leyfi var veitt og framvísa staðfestingu þar að lútandi til umsjónaraðila.

Við endurnýjun starfsleyfa þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsækjandi skal ávallt að skila inn gildu starfsréttindaskírteini, læknisvottorði fyrir hann og aðra heimilismenn, sakavottorði fyrir hann og aðra heimilismenn eldi en 18 ára, gildu vottorði um námskeið í slysavörnum barna og brunavörnum og öryggi barna.

Beiðnum um starfsleyfi ber að skila til daggæslufulltrúa sem yfirfer þær og leggur fyrir fræðsluráð til staðfestingar innan við mánaðar frá því að beiðni berst bæjaryfirvöldum.

Eftirlit er með starfsemi dagforeldra af hálfu bæjaryfirvalda í samræmi við reglugerð nr. 907/2005. Sérstakur óháður eftirlitsaðili fer í þrjár óboðaðar heimsóknir til dagforeldra árlega. Daggæslufulltrúi sveitarfélagsins veitir dagforeldrum ráðgjöf og fylgir málum eftir.

Reglur þessar tóku gildi 3. nóvember 2014 með staðfestingu fræðsluráðs.